



Reykjavík, 15. júní 2020

SFS2019110046

186. fundur

HG/fbj/hts

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði varðandi vinnuhóp um málefni erlendra starfsmanna og erlendra barna í leikskólum

Á fundi borgarráðs 31. október 2019 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Í skýrslu 2010 um leikskóla kom fram að setja eigi á stofn vinnuhóp til að huga að málefnum erlendra starfsmanna og erlendra barna í leikskólum, m.a. út frá mannréttindum, íslenskukennslu og menningarfræðslu í leikskólum. Spurt er hvort það var gert og hverju skilaði hópurinn?

Svar:

Árið 2009 tóku verkefnastjóri fjölmenningar og mannauðsfulltrúar á leikskólasviði frumkvæði að því að setja saman vinnuhóp á sviðinu til að skoða málefni starfsfólks af erlendum uppruna í leikskólum. Vinnuhópurinn hittist nokkrum sinnum og var helsta markmið hans að:

- Kortleggja fjölda starfsfólks af erlendum uppruna í leikskólum borgarinnar
- Koma upp tengslaneti starfsfólks af erlendum uppruna þar sem hægt væri að nýta mannauð s.s. þekkingu á fjölbreyttum tungumálum og menningu til þess að miðla til annarra og til þess að koma til stuðnings í ýmis mál.
- Bjóða starfsfólki af erlendum uppruna upp á sérstaka fræðslu um uppeldi og menntun á Íslandi

Boðið var upp á einn slíkan fræðslufund fyrir starfsfólk árið 2009. Upplýsingar um uppruna og tungumálakunnáttu starfsmanna eru ekki skráðar í mannauðskerfi borgarinnar og reyndist því ókleift að vinna verkefnið með þeim hætti sem vinnuhópurinn lagði upp með.

Verkefnið fluttist síðar yfir til mannréttindahóps sem hafði það hlutverk að kynna mannréttindastefnu Reykjavíkur fyrir starfsstöðum og tryggja þannig jafnræði starfsfólks af erlendum uppruna.

Í kjölfar ákvörðunar um sameiningu menntasviðs og leikskólasviðs í eitt sameinað skóla- og frístundasvið var lögð fram tillaga um að stofnaður yrði starfshópur sem hefði það hlutverk að kortleggja betur og samræma vinnu með börnum af erlendum uppruna í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Sá hópur var settur af stað af skóla- og frístundaráði og hafði m.a. það hlutverk að móta stefnu um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf sem var samþykkt árið 2014. Sjá nánar: https://reykjavik.is/sites/default/files/fjolmenningarstefna_uppsett.pdf